

Samruni KG Fiskverkunar ehf. og Valafells ehf.

1. Þann 6. október 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna KG Fiskverkunar ehf. (KG) og Valafells ehf. (Valafell). KG er fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki í Snæfellsbæ og gerir út línuskipið Tjald SH-270. Valafell er útgerðarfélag sem einnig rekur fiskvinnslu og útgerð í Snæfellsbæ. Valafell gerir út dragnótarbátinn Ólaf Bjarnason SH-137. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 7. október 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) KG er fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki í Snæfellsbæ og gerir út línuskipið Tjald SH-270, sem sér að stórum hluta vinnslu félagsins fyrir afla. Félagið stundar veiðar og vinnslu á botnfiski. Afurðir félagsins, saltaður fiskur, eru seldar að mestu leyti á markað erlendis. Þá er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess rekstur útgerðar og fiskvinnsla, verslun með sjávarafurðir, svo og rekstur fasteigna, eignarhald hlutabréfa í öðrum félögum og lánastarfsemi. KG á dótturfélagið Rafn ehf. ásamt því að eiga hluti í félögunum Brim hf., Steinasölum ehf. og Fiskmarkaði Íslands hf. Eignahlutir í félögunum eru allir undir 10%.
 - b) Valafell er útgerðarfélag sem rekur fiskvinnslu og útgerð í Snæfellsbæ. Valafell gerir út dragnótarbátinn Ólaf Bjarnason SH-137, sem sér að stórum hluta vinnslu félagsins fyrir afla. Valafell stundar veiðar og vinnslu á botnfiski. Afurðir félagsins, saltaður fiskur, eru seldar að mestu leyti á markað erlendis. Þá er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess útgerð og fiskvinnsla, verkun og sala sjávarafurða, ásamt rekstri fasteigna. Valafell á hlutdeild í félögunum Hjallasandi ehf. og Fiskmarkaði Íslands hf.¹
3. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu markaða tengdum sjávarútvegi, einkum ákvörðun nr. 10/2013. Að mati samrunaaðila varðar samruninn einkum markað fyrir veiðar á botnfiski, enda sá markaður sem samrunaaðilar starfa báðir á, en aðkoma samrunaaðila að markaði með veiðar og vinnslu uppsjávarfisks er engin. Samrunaaðilar telja því samrunann hafa áhrif á markaði fyrir veiðar, vinnslu og sölu botnfisktegunda.
4. Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaður málsins veiðar á fiski (botnfiski). Markaðurinn fyrir botnfiskveiðar taki til starfsemi sem felist í veiðum, vinnslu, fiskmörkuðum og útflutningi botnfiskafurða. Rétt er að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfirráð í Brimi hf.* Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður fyrir veiðar að líkindum Ísland.

¹ Samanlögð hlutdeild Valafells og KG í Fiskmarkaði Íslands hf. er undir 10%.



Landfræðilegur markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarafra kann að vera víðari. Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar markaðarins.

5. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Hvorugur samrunaaðila hefur markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir fiskveiðar eða markaði fyrir vinnslu og sölu á sjávarfangi. Þá hefur samruninn það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist þar sem ætla má að markaðshlutdeild sameinaðs félags á mörkuðum málsins verði í beinu hlutfalli við þær aflaheimildir sem félagið mun hafa yfir að ráða í kjölfar samrunans.
6. Samkvæmt úthlutun heildarafla eftir þorskígildum fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 er KG með 1,15% hlutdeild og Valafell 0,30%. Af þessum upplýsingum er ljóst að takmörkuð samþjöppun leiðir af samrunanum og ekki eru vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti.
7. Líkt og áður segir á KG 4,5% eignarhlut í Brim hf. Í fyrrgreindri ákvörðun eftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfiráð í Brimi hf.*, voru eignatengsl eigenda KG og tengdra aðila á hlutum í Brim hf. og Útgerðarfélagi Reykjavíkur meðal annars rakin. Í þessu máli er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau eignatengsl hafi áhrif á efnislegt mat þessa samrunamáls. Rétt er hins vegar að áréttu að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, getur á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyfirvalda. Getur þá komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yfiráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum.² Þá getur komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögsmætu samráði. Þessu til viðbótar hefur Samkeppniseftirlitinu verið ætlað það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.
8. Í þessu máli, líkt og í ákvörðunum nr. 35/2021, 3/2021 og 19/2020 er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau hafi áhrif á efnislegt mat málsins.
9. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

Ákvörðunarorð:

„Kaup KG Fiskverkunar ehf. á Valafelli ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Yfiráð í skilningi 4. gr. samkeppnislaga geta verið heldur sem er yfiráð eins yfir félagi (e. sole control) eða sameiginleg yfiráð (e. joint control). Um sameiginleg yfiráð er að ræða þegar fyrirtæki hefur fleiri en einn hluthafa, sem ekki hafa yfiráð sér í lagi, en geta saman haft afgerandi áhrif á mikilvægar viðskiptaákvörðanir fyrirtækisins.